

Fjörheimar



## Félagsmiðstöðin Fjörheimar



Ársskýrsla 2002 – 2003  
[www.fjorheimar.is](http://www.fjorheimar.is)

# FÉLAGSMIÐSTÖÐIN FJÖRHEIMAR

## STARFSYFIRLIT 2002 – 2003

Félagsmiðstöðin Fjörheimar hóf sitt 20. starfsár þann 2. sept 2002. En eins og kunnugt er þá á félagsmiðstöðin Fjörheimar 20 ára starfsafmæli þann 26. nóvember 2003.

Mikil og góð aðsókn var í félagsmiðstöðina að vanda en tæplega 7.000 gestir sóttu Fjörheimana á þessu starfsári. Lítið hefur breyst hvað varðar mætingu en Njarðvíkurskóli sækir félagsmiðstöðina mest, þrátt fyrir að auglýst sé eins í öllum skólunum.

Margvíslegt var gert til að höfða til unglínganna og fengu unglíngarnir m.a. að spreyta sig á því að mála nokkra veggj innan félagsmiðstöðvarinnar. Góðir gestir voru fengnir í Fjörheima til að skemmta og fræða t.d. Birgitta Haukdal og Írafár, Sveppi og Auddi úr 70 mín, Siggj Hlö úr gamla Hausverk um helgar og Stefán Karl svo einhverjir séu nefndir.

Einnig er vert að geta að starfsfólk Fjörheima fékk þá félagu Jóhannes B Jóhannesson og Arnar Pedersen til þess að halda billiardnámskeið fyrir eldri borgarara sem mæltist mjög vel fyrir.

Mikið er treyst á hugmyndarauðgi unglínganna og fá unglíngarnir að skipuleggja sín eigin kvöld og óhætt er að segja að gaman sé að fylgjast með þeim að störfum. T.a.m. þegar strákarnir úr 70 mín komu þá sáu nokkrir unglíngar um það kvöld með aðstoð starfsmanna.



## Framtíðarsýn

*Okkur kann að virðast, að ungdómurinn nú  
sé einskis nýtur, reki í lífsins gjólum.*

*En gleymum ekki staðreyndum, því staðreyndin er sú:*

*Það vonum ég og þú, sem upp þau ólum. ( J.G./V.V )*

Þessi fallegi texti sem Vilhjálmur heitinn Vilhjálmsson söng svo eftirminnilega á árum áður á vel við þegar undirritaður hugsar til baka um síðasta starfsár. Tími unglingsáranna er erfiður eins og flestir kannast við. Unglingar þróa sína sjálfsmynd í samspili við aðra og því er afar mikilvægt að unglingar fái tækifæri til þess að skemmta sér án vímuefna. Mikilvægt er að hinir fullorðnu sem koma að uppeldi unglingsins séu jákvæðar fyrirmyndir og foreldrar verða ávallt að muna að það eru þeir sem bera fyrst og síðast ábyrgð á unglingsnum sínum.

Eins og kom fram í starfsyfirlitinu þá er aðsóknin góð og full nýting er á húsnæði Fjörheima, þetta veit bæjarstjórn Reykjanesbæjar mæta vel. En þann 05. nóvember 2002 tók bæjarstjórn Reykjanesbæjar þá ákvörðun að taka á leigu Hafnargötu 88 til afnota fyrir félags- og menningarmiðstöð ungs fólks. Undirritaður vill koma á framfæri kærum þökkum til allra þeirra sem komu að þessari ákvörðun. Framkvæmdir standa yfir á 88 og ganga þær dálítið seinna fyrir sig en ráðgert var í upphafi, en þolinmæði er dyggð.

Er þessi orð eru rituð er orðið nokkuð ljóst að Fjörheimar hefja sitt 20. starfsár á sama stað og vanalega að Hjallavegi og flutningur að Hafnargötu 88 verður á dagskrá vonandi sem fyrst. En til þess að koma til móts við alla þá unglinga sem sendu hugmyndir sínar í gegnum heimasíðu Fjörheima [www.fjorheimar.is](http://www.fjorheimar.is) og voru að biðja um sjónvarpsherbergi, þá hefur undirritaður ákveðið í samráði við framkvæmdarstjóra MÍT Stefán Bjarkason að færa skrifstofuna sína að Hafnargötu 88 og breyta gömlu skrifstofunni í Fjörheimum í sjónvarpsherbergi.



Að lokum langar mig að minnast á Unglingaráð Reykjanesbæjar sem á að taka til starfa haustið 2003 að frumkvæði bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. En mikilvægt er að hafa svona ráð sem getur hjálpað pólitíkusunum við ákvarðanatöku í erfiðu málefnum er snerta ungt fólk. Vonandi tekst vel til. Framtíðin ein mun skera úr um það.

*Ég held við ættum stundum að hlusta aðeins betur  
á hugrenningar þeirra, sem erfa skulu land,  
því kannski er næsta kynslóð, kynslóðin sem getur  
komið fram með svörin, þar sem sigldum við í strand.  
( J.G./V.V )*

Undirritaður vill þakka starfsfólki Fjörheima, tómsfundaleiðbeinendum í grunnskólum Reykjanesbæjar, MÍT, FFR, lögreglu, Samsuð, Samfés, Unglingaráði Fjörheima, Framkvæmdarstjóra MÍT og Forvarnar- og Æskulýðsfulltrúa samstarfið og vonar að það verði áfram blómlegt, nú sem endranær.

Tekið saman í ágúst 2003

**Virðingarfyllt,**

---

**Hafþór Barði Birgisson**  
Forstöðumaður Fjörheima.



Eftirtaldir atburðir hafa verið í vetur á kvöldin og skráist sem kvöldstarfsemi.

### Föstudagskvöld / Diskótek/Árgangakvöld

#### **Haustönn 2002**

- 12. sept 2002 Fjörfundur í Fjörheimum. 65 unglingar.
- 13. sept 2002 Opið hús í Fjörheimum. 107 unglingar.
- 27. sept 2002 Haustball í Fjörheimum. 128 unglingar.
- 14. okt 2002 Fjörkvöld Þorskanna í Fjörheimum. 131 unglingur.
- 22. okt 2002 Forvarnar- og fræðslukvöld í Fjörheimum 79 mættu.
- 25. okt 2002 Hrekkjavökuball í Fjörheimum. 121 unglingur mætti.
- 30. okt 2002 Sönggeneralprufa í Fjörheimum. 88 unglingar mættu.
- 31. okt 2002 Söngkeppni Fjörheima haldin í Stapanum. 149 unglingar mættu.
- 15. nóv 2002 Útvarpsnámskeið í Fjörheimum. 11 unglingar tóku þátt.
- 18. nóv 2002 Fjörsturtu kvöld í Fjörheimum. 121 unglingur mætti.
- 19. nóv 2002 Fjörhallæris kvöld í Fjörheimum. 94 unglingar mættu.

#### **Vorönn 2003**

- 09. jan 2003 Söngkeppni Samsuð haldið á sal FS. 98 unglingar mættu.
- 23. jan 2003 Fjörferðalagsfundur í Fjörheimum. 67 unglingar mættu.
- 25. jan 2003 Söngkeppni Samfés í Laugardalshöll. 134 unglingar mættu.
- 27. jan 2003 Séð og heyrt kvöld í Fjörheimum. 49 unglingar mættu.
- 07. feb 2003 Baraball í Fjörheimum. 50 unglingar mættu.
- 14. feb 2003 Fjörstelpunóttin í Fjörheimum. 61 stúlka mætti.
- 17. feb 2003 Skráningarferðalagsfundur í Fjörheimum. 67 unglingar mættu.
- 26. feb 2003 Fjörvitleysiskvöld í Fjörheimum. 56 unglingar mættu.




- 28. feb 2003 Fjörferðalag til Akureyrar. 100 unglingar mættu.
- 07. mar 2003 Samfésball 2003 í Hafnarfirði. 80 unglingar mættu.
- 28. mar 2003 Frakkakvöld í Fjörheimum. 82 unglingar mættu.
- 11. apr 2003 Uppskeruhátíð í Fjörheimum. 51 unglingur mætti.
- 02. maí 2003 Sundteiti Fjörheima í gömlu sundlauginni. 35 unglingar mættu.
- 16. maí 2003 Lokahóf Fjörheima í Fjörheimum. 23 unglingar mættu.



Alls mættu 2.047 unglingar á 25 viðburði sem gerir 81 unglingur að meðaltali. Að auki eru eldri borgarar í Fjörheimum á mánudags- og miðvikudagsmorgnum og mæta 20 – 25 manns að jafnaði.

Í ársskýrslu Fjörheima fyrir skólaárið 2001 – 2002 mættu 1.590 unglingar á 19 kvöld sem gerir 83 unglingar að meðaltali á hvert kvöld.

Til samanburðar er hér til hægri prósentutölur frá síðustu ársskýrslu.





## Mánudags- og miðvikudagskvöld.

Opin hús: „Bara” – kvöld. 8. – 10. bekkir grunnskólar Reykjanesbæjar. Um er að ræða kvöld þar sem margvíslegt er gert sér til gamans t.d. dans, karaoke, ýmis spil, spjallað o.s.frv.




Alls mættu 3.647 unglingar á 60 kvöld sem gerir 60 unglingar að meðaltali.

Að auki hafa verið Bara – kvöld í júní og júlí. Milli 50 – 60 krakkar hafa verið að mæta að jafnaði. 7. bekkur fær sumartímann til þess að kynna félagsmiðstöðinni.

Til gamans má geta að í ársskýrslu fyrir árið 2001 – 2002 voru 2.537 unglingar á 40 viðburðum sem eru 63 unglingar að meðaltali.

Hér að neðan eru prósentutölur frá síðustu ársskýrslu



# Aðrir viðburðir á vegum Fjörheima eða í samvinnu við aðra ☺




## Haustönn 2002

✚ 20. sept 2002 Ungmennanámskeið Samsuð haldið í Vogum 40 unglingar. ✚ 04. – 06. okt 2002 Landsmót Samfés í Kópavogi 8. unglingar ✚ Fjörstöðin ( Útvarp ) 21. nóvember til 28. nóvember. 247 unglingar ✚ 29. nóv 2002 Para og vinaball 315 unglingar. ✚ Desember 2002 Fatahönnunarfyrirlestur 25 unglingar. ✚ 17. des Jólaball í samvinnu við grunnskóla Reykjanesbæjar. 300 unglingar


## Vorönn 2003

✚ 31. jan – 02 feb 2003 Ferðalag unglingaráðs 8 unglingar ✚ 07. mars 2003 Samfésballið í Hafnarfirði 80 unglingar ✚ 08. mars 2003 Billiardmót Samfés 4 unglingar ✚ 26. mars Árshátíð grunnskóla Reykjanesbæjar 320 unglingar

Á ofangreindaviðburði mættu alls 1024 unglingar



Hér til hægri getur að líta skiptinguna í ársskýrslu 2001 - 2002





## Lokaorð

Í starfi Fjörheima er lögð áhersla á starf með unglíngum á aldrinum 14-16 ára sem byggir á hornsteinum lýðræðis. Starfið skal því einkennast af áhuga, virkni, þátttöku og ábyrgð unglínganna. Einnig skal leggja áherslu á félags- og tilfinningaþroska. Fjörheimar eiga því að vera opnir fyrir áhrifum unglíngamenningar, þannig að flestir finni eitthvað við sitt hæfi í starfi félagsmiðstöðvarinnar. Síðastliðin n vetur var t.d. opnuð Hjólabrettaaðstaða Reykjanesbæjar og vill undirritaður þakka öllum þeim sem komu að þeirri opnun.

Sérstaklega skal leitast við að ná til unglíngna sem ekki njóta sín í öðru æskulýðsstarfi. Félagsmiðstöðin skal halda úti markvis sri fræðslu-, forvarnar og leitarstarfi og beita fjölbreyttum aðferðum til að auka líkur á árangri á þeim vettvangi.

Til að ná settum markmiðum skal félagsmiðstöðin leitast við að hafa gott samstarf við ýmsa aðila, s.s. Fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar, skóla, foreldra, lögreglu, aðrar félagsmiðstöðvar, aðrar stofnanir, félög og samtök sem vinna að unglíngamálum.

Í lokaorðum síðustu ársskýrslna hef ég vanalega skorað á þá sem hafa verið að fjalla um málefni ungs fólks að opna nýja stóra félagsmiðstöð. Þessari áskorun tók bæjarstjórn Reykjanesbæjar sem er lofsvert framtak! Nú þarf bara að halda vel á spöðunum og skora ég því á umhverfis- og skipulagssvið Reykjanesbæjar að flýta framkvæmdum að Hafnargötu 88 eins og frekast er kostur.

Virðingarfyllst,

---

Hafþór Barði Birgisson  
Forstöðumaður Fjörheima  
Director of youth center  
hafthor.birgisson@reykjanesbaer.is  
www.fjorheimar.is